



Dalapósturinn

7. tölublað, 6. árgangur
22. október 2013

Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Dalabyggð

Siðareglur kjörinna fulltrúa í Dalabyggð voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 18. júní 2013 og staðfestar af innanríkisráðuneytinu 3. september.

Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Dalabyggð gilda fyrir kjörna sveitarstjórnarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru eða valdir til setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum Dalabyggðar.

Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Dalabyggð eru aðgengilegar á vef sveitarfélagsins.

Refa- og minkaveiðar 2012/2013

Frá 1. sept. 2012 – 31. ágúst 2013 voru unnir 232 refir og 124 minkar í Dalabyggð. Útlagður kostnaður vegna veiðanna var 5,9 m.kr., þar af virðisaukaskattur um 1,1 m.kr.

Endurgreiðsla ríkisins er að hámarki við 50% af kostnaði við minkaveiðar og geta því mest um 0,9 m.kr. komið í hlut Dalabyggðar.

Ríkissjóður virðist því hagnast á viðleitni sveitarfélaga til að sporna við útbreiðslu refa og minka.

Netnotkun barna og unglinga

Foreldrafélag Auðarskóla stendur fyrir fyrirlestri í Dalabúð um netnotkun barna og unglinga þriðjudaginn 29. október kl. 20.

Guðberg K. Jónsson verkefnastjóri hjá SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) mun flytja erindið **Internetið: Jákvæð og örugg notkun barna og unglinga**.

Internetið er frábær upplýsingaveita og tæki til samskipta en þar felast einnig ýmsar hættur sem mikilvægt er fyrir foreldra að þekkja og gera sér grein fyrir.

Húsið opnar klukkan hálf átta með kaffisölu. Allir eru velkomnir.

Skyndihjálparnámskeið

Skyndihjálparnámskeið verður haldið á vegum Búðardalsdeildar Rauðakrossins dagana 4.-7. nóvember næstkomandi frá kl. 18–22 í Auðarskóla. Skráning og nánari upplýsingar eru á vef Rauðakrossins, www.raudikrossinn.is.

Símenntunarmiðstöð Vesturlands

Næstu námskeið Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands í Dölunum eru "Verslað á netinu" 12. nóvember og "Prjónuð jólakúla" 14. nóvember. Skráning og nánari upplýsingar um þessi námskeið og önnur eru á heimasíðu Símenntunarmiðstöðvarinnar, www.simenntun.is.

Haustfagnaður FSD

Árlegur haustfagnaður Félags sauðfjárbænda í Dalasýslu er nú um helgina, 25.-26. október. Fjölbreytt dagskrá er að vanda; lambhrútasýningar, sviðaveisla, hagyrðingar, Íslandsmeistaramótið í rúningi, markaður, barnadagskrá, vélasýningar, hönnunarsamkeppni úr ull, grillveisla, ljósmyndasamkeppni, dansleikir, skemmtun og samvera. Haustfagnaðurinn hefur heppnast vel undanfarin ár. Er það ekki síst að þakka mikilli samstöðu og sjálfboðavinnu sauðfjárbænda og annarra íbúa héraðsins.

Dreifnámsdeild

Með bréfi dags. 18. september 2013 upplýsir mennta- og menningarmálaráðuneytið að ekki sé gert ráð fyrir fjármagni til rekstrar dreifnámsdeildar í fjártillögum ráðuneytisins fyrir árið 2014 eins og sveitarfélagið hafði óskað eftir. Hins vegar verði skoðað í viðræðum ráðuneytis við Menntaskóla Borgarfjarðar hvort og þá hvernig skólinn geti sinnt þessu verkefni.

Rekstur dreifnámsdeildarinnar í Búðardal fer vel af stað. Níu nemendur eru skráðir við deildina auk grunnskólanema sem lesa einstaka námsgreinar.

Samgöngumál

Á fundi sveitarstjórnar 17. september s.l. var eftirfarandi bókun um samgöngumál samþykkt og send Vegagerðinni og innanríkisráðherra.

"Sveitarstjórn Dalabyggðar skorar á ríkisvaldið að leggja aukið fjármagn til viðhalds og endurgerðar stofn- og tengivega í Dalabyggð. Umferð um Dali hefur aukist verulega á síðari árum og gera má ráð fyrir frekari aukningu. Þá er stöðug umferð skólabíla og vinnandi fólks um vegi sem margir hverjir eru nánast ófærir. Brýnt er að leggja slitlag á Laxárdalsveg, Skógarströnd og Klofningsveg og nauðsynlegt að leggja meira fjármagn til veggirðinga. Nokkrar einbreiðar brýr eru á Vestfjarðavegi um Dali og mikilvægt er að þeim verði útrýmt."

Framkvæmdir

Framkvæmdum við kennslulaugina í Búðardal er nú lokið og var hún tekin í notkun um miðjan mánuðinn. Það voru strákarnir á miðstigi, sem voru fyrstir til að synda í lauginni.

Endurbætur á stjórnsluhúsinu standa nú yfir og hefur af þeim sökum aðalinngangur verið lokaður undanfarna daga og eitthvað frameftir þessarri viku. Er þess í stað gengið inn um inngang á vesturhlið, merktur lögreglu.

Norræni skjaladagurinn 2013

Norræni skjaladagurinn er laugardaginn 9. nóvember. Þema hans í ár er Fjár sjóðir úr fórum skjalasafnanna.

Héraðsskjalasafn Dalasýslu hefur tekið þátt í norræna skjaladeginum frá 2010 og í ár verður sýning á Byggðasafni Dalamanna á Laugum laugardaginn 9. nóvember kl. 13-17.

Enginn aðgangseyrir er á sýninguna og allir velkomnir að koma og fræðast um starfsemi héraðsskjalasafnsins og skoða nokkra fjársjóði úr fórum þess.

Sælingsdalslaug

Opnunartímar Sælingsdalslaugar í nóvember eru:

Þriðjudaga kl. 17-20

eldri borgarar kl. 15:30-17

Miðvikudaga kl. 17-20

Fimmtudaga kl. 17-19

Laugardagar kl. 11:15-13:30

Hópar og fjölskyldur geta haft samband og athugað með að koma í sund fyrir utan opnunartíma ef starfsfólk er á svæðinu. Síminn er 434 1465 eða 777 0295 og netfangið gunnarmar@umfi.is.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafn Dalasýslu er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18.

Endurvinnslustöðin

Endurvinnslustöðin í Búðardal er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 15-18 og á laugardögum kl. 11-14.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur
